

# TILLAGA AÐ LAGABREYTINGU:

FLUTNINGSMENN: ÁSPÓR SÆVAR ÁSPÓRSSON OG LÁRUS RÖGNVALDUR HARALDSSON

„Allar greinar og kaflafyrirsagnir laga Ungra jafnaðarmanna, sem síðast voru breytt á landsþingi samtakanna árið 2010 falla brott.

Í stað þeirra koma eftirfarandi lagagreinar og kaflafyrirsagnir, auk tveggja ákvæða til bráðabirgða:

## I. NAFN OG VARNARÞING

1. gr.

Nafn samtakanna er Ungir jafnaðarmenn og eru samtökin ungliðahreyfing Samfylkingarinnar. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

## II. TILGANGUR

2. gr.

Samtökin aðhyllast lýðræðislegt þjóðskipulag sem byggt er á virkri þátttöku almennings, valddreifingu, félagslegu réttlæti og að fyllstu mannréttindum sé framfylgt.

Tilgangur samtakanna er

- að vera opinn og lýðræðislegur vettvangur fyrir skapandi umræður um málefni ungs fólks og jafnaðarstefnu, byggðum á grunnhugmyndum jafnaðarstefnunnar um frelsi, jafnrétti, og bræðralag.
- að efla samskipti og samkennd meðal ungs jafnaðar- og félagshyggjufólks um allt land,
- að vinna að því að hagsmunir ungs fólks séu virtir í stefnumótun Samfylkingarinnar og
- að halda uppi samskiptum við samtök ungs jafnaðarfólks og ungra sósíalista á Norðurlöndum, í Evrópu og á alþjóðavísu.

## III. AÐILD AÐ UNGUM JAFNAÐARMÖNNUM

3. gr.

Aðild að samtökunum geta átt öll félög og málefnaþópar ungs fólks á aldrinum 16 – 35 ára sem vilja vinna að framgangi félagshyggju og jafnaðarstefnu og gangast undir lög þessi.

Þau félög eða málefnaþópar sem óska þess að gerast aðilar skulu senda inn inntökubeiðni sem skulu fylgja afrit af lögum og félagaskrá. Landsþing skal taka afstöðu til inntökubeiðni og samþykkja hana eða hafna.

Til að félög eða málefnaþópar fái inngöngu í Unga jafnaðarmenn þarf tvo þriðju hluta atkvæða á landsþingi. Meðan beðið er úrskurðar landsþings um inntökubeiðni félags getur framkvæmdastjórn samþykkt, með einföldum meirihluta, að veita félaginu aukaaðild fram að landsþingi. Félagsmenn hins nýja félags geta þá starfað innan samtakanna en hafa ekki atkvæðisrétt á landsþingi nema landsþing samþykki inngöngubeiðni félagsins, sbr. 12. gr.

4. gr.

Hvert aðildarfélag, það er félag eða málefnaþópur, hefur rétt til að skjóta ágreiningsmálum til miðstjórnar, enda hafi ágreiningsmálið verið rætt á félagsfundi og atkvæðagreiðsla gengið um málið.

Úrskurður miðstjórnar er bindandi fyrir alla aðila en honum má áfrýja til landsþings.

Úrskurður miðstjórnar gildir þangað til landsþing úrskurðar í málinu.

5. gr.

Aðildarfélög skulu senda miðstjórn skýrslu um starfsemi sína, uppfærða félagatölu og fjárhag að loknum hverjum aðalfundi. Aðildarfélög skulu jafnframt senda miðstjórn uppfærða félagatölu fjórum sólarhringum fyrir landsþing.

Miðstjórn getur óskað eftir slíkum gögnum á öðrum tímum ef þurfa þykir.

6. gr.

Brjótí aðildarfélag reglur, samþykktir eða lög samtakanna eða geri eitthvað það sem landsþing telur til vansa fyrir samtökin skal landsþing heimilt að víkja því úr samtökunum.

Miðstjórn getur fellt úrskurð um brottvikningu fram að landsþingi ef meira en þrjú mánuðir eru fram að landsþingi.

7. gr.

Einstakir félagsmenn geta verið í fleiri en einu félagi eða málefnaþópi. Þeir skulu þó aldrei telja oftari en einu sinni í félagaskrá samtakanna. Enginn félagsmaður getur haft meira en einfaldan atkvæðisrétt óháð fjölda þeirra félaga og málefnaþópa sem viðkomandi er aðili að.

8. gr.

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að svipta félag sinn félagsréttindum og víkja honum úr félaginu um óákveðinn tíma ef hann hefur á einhvern hátt gert sig sekan um brot á lögum eða reglum félags, samtaka eða stjórnsmálaflokks samtakanna.

Viðkomandi skal ávallt gefinn kostur á að leggja fram málsvörn og getur hann skotið máli sínu til miðstjórnar samtakanna sem kveður upp endanlegan úrskurð.

## IV. LANDSPING

9. gr.

Landsþing fer með æðsta vald í málefnum Ungra jafnaðarmanna. Reglulegt landsþing skal halda árlega og skal að jafnaði halda eigi síðar en 15. október.

10. gr.

Landsþing skulu boðuð af framkvæmdastjórn skriflega og/eða með tölvupósti til aðildarféлага og með fréttatilkynningu minnst tíu sólarhringum áður en þau eru haldin. Í tilkynningunni komi fram dagsetning og fundarstaður landsþings liggja hann fyrir. Dagskrá landsþings skal auglýst í dagblöðum eða á heimasíðu samtakanna a.m.k. viku áður en landsþing hefst.

Aukalandsþing skal halda ef meirihluti miðstjórnar eða fimm tungur félagsmanna telur ástæðu til Landsþing telst löglegt ef það er löglega boðað.

11. gr.

Hvert aðildarfélag á rétt að senda fulltrúa með fullum réttindum á landsþing Ungra jafnaðarmanna. Fjöldi fulltrúa hvers aðildarfélags skal vera einn fyrir hverja tíu féлага aðildarfélagsins. Fulltrúarnir hvers aðildarfélags skulu þó aldrei verða færri en tíu og aldrei fleiri en 45% af þeim fjölda sem öllum aðildarfélögum er heimilt að senda. Fulltrúar skulu hafa verið skráðir til mætingar a.m.k. fjórum dögum fyrir landsþing.

12. gr.

Dagskrá landsþings er eftirfarandi:

- a) Afhending þinggagna og greiðsla þinggjalda.
- b) Setning.
- c) Samþykkt fundarskapa.
- d) Kosning starfsmanna þingsins, forseta, þingritara og uppstillingarnefnd telji miðstjórn þörf á því.
- e) Afstaða tekin til inntökubeiðni nýrra féлага eða málefna hópa.
- f) Skýrsla stjórnar og umræður.  
Skýrsla gjaldkera, framlagning og umræður umreikninga.
- g) Umræða og afgreiðsla ályktana
- h) Lagabreytingar.
- i) Kosningar í embætti í eftirfarandi röð:
- j) Kosning formanns (ef við á), sbr. 14. gr.
- k) Kosning meðstjórnenda í framkvæmdastjórn, sbr. 14. gr.
- l) Kosning tólf miðstjórnarfulltrúa og fjögurra varamanna í miðstjórn
- m) Kosning tveggja endurskoðenda reikninga.
- n) Önnur mál.
- o) Þingslit.

13. gr.

Úrslitum mála á landsþingi ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema kveðið sé á um annað í lögum þessum.

Framkvæmdastjórn skipar 2-4 einstaklinga í kjörstjórn sem sér um kosningarnar á landsþingi.

Framboð skulu hafa borist kjörstjórn fyrir hádegi á fyrsta þingdegi landsþings nema annað sé auglýst.

Komi ekki fram fleiri framboð en kjósa þarf til teljast viðkomandi sjálfkjörin til starfa. Við kosningar eru þeir réttkjörnir sem flest atkvæði fá. Verði atkvæði jöfn í framboðskosningum þá ræður hlutkesti. Þó skal formaður vera kosinn með meira en helming greiddra atkvæða. Hljóti enginn slíkan atkvæðafjölda við formannskosningu skal kosið á ný milli tveggja efstu frambjóðanda. Auðir seðlar teljast greidd atkvæði.

Kosningar í embætti á landsþingi skulu vera leynilegar.

14. gr.

Formann skal kjósa á reglulegu landsþingi til tveggja ára í senn.

Í framkvæmdastjórn eiga sæti sex meðstjórnendur auk formanns. Á hverju reglulegu landsþingi skal kjósa þrjá meðstjórnendur í framkvæmdastjórn til tveggja ára í senn.

Á hverju reglulegu landsþingi skal kjósa tólf miðstjórnarfulltrúa og fjóra varamenn auk tveggja skoðunarmenn reikninga.

15. gr.

Heimilt er að innheimta þinggjöld af fulltrúum til að standa undir kostnaði þeim sem hlýst af landsþingi. Einnig er heimilt að innheimta gjald til jöfnunar ferðakostnaðar.

Framkvæmdastjórn skal taka ákvörðun um hvort og hvernig heimildirnar verði nýttar og tilkynna það tíu sólarhringum áður en landsþing hefst.

## V. MIÐSTJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

16. gr.

Miðstjórn Ungra jafnaðarmanna fer með æðsta vald samtakanna milli landsþinga.

Í miðstjórn eiga sæti allir fulltrúar í framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna og tólf meðstjórnendur kosnir á landsþingi. Heimild til setu á fundum miðstjórna hafa einnig allir formenn aðildarféлага Ungra jafnaðarmanna með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn taka sæti á miðstjórnarfundum í forföllum kjörinna aðalmanna. Atkvæðafjöldi á landsþingi ræður því í hvaða röð varamenn taka sæti í stjórn. Hafi varamenn verið sjálfkjörnir skal dregið um það á fyrsta fundi nýrrar miðstjórnar í hvaða röð varamenn taka sæti á fundum miðstjórnar.

Miðstjórn ber ábyrgð á ályktunum félagsins, málefnnastarfi þeirra milli landsþinga hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar. Miðstjórn getur falið framkvæmdastjórn að sinna þeim verkefnum sem talin eru nauðsynleg hverju sinni.

17. gr.

Miðstjórnarfundur skal halda a.m.k. einu sinni í mánuði. Formaður fer með oddaatkvæði ef atkvæði verða jöfn. Miðstjórnarfundur skal að jafnaði boðaður með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Óski fjórðungur miðstjórnar eftir fundi ber að halda hann innan viku frá því formanni berst slík ósk skriflega.

Miðstjórn er auk þess frjálst að veita trúnaðarmönnum samtakanna og öðrum gestum aðgang að fundum sínum með málfrelsi og tillögurétti.

Miðstjórn sker úr um deilumál sbr. 4. gr. og 6. gr., tekur stefnumál til meðferðar og skipar í þau embætti sem kunna að losna á milli landsþinga.

Miðstjórn getur sent frá sér ályktanir um málefni sem eru í anda samþykkrar stefnu samtakanna. Miðstjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir reglulegt landsþing samþykkja verklagsreglur um meðferð ályktana á milli miðstjórnarfunda.

18. gr.

Framkvæmdastjórn sér um daglegan rekstur samtakanna, annast tengsl við aðildarfélög, vinnur að eflingu starfsins um land allt og ber ábyrgð á þeim verkefnum sem einstökum fulltrúum framkvæmdarstjórnar er falið að sinna.

Framkvæmdarstjórn skal einnig sinna þeim verkefnum sem henni eru falin af miðstjórn.

Í framkvæmdastjórn eiga sæti formaður og sex meðstjórnendur. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar eftir reglulegt landsþing skiptir stjórnin með sér verkum. Framkvæmdastjórn skal að minnsta kosti skipta með sér eftirfarandi embættum: varaformaður, ritari og gjaldkeri.

Á fyrsta fundi miðstjórnar eftir reglulegt landsþing skulu kjörnir fjórir varamenn framkvæmdastjórnar úr hópi þeirra tólf fulltrúa sem kosnir voru á landsþingi. Varamenn þessir skulu taka sæti á framkvæmdastjórnarfundum í forföllum kjörinna aðalmanna. Atkvæðafjöldi á fyrsta fundi miðstjórnar ræður því í hvaða röð varamenn taka sæti í framkvæmdastjórn.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á verkum sínum gagnvart miðstjórn og skal lúta eftirliti miðstjórnar með störfum sínum.

19. gr.

Framkvæmdastjórnarfundi skal að jafnaði halda einu sinni í viku.

Framkvæmdarstjórnarfundi skal að jafnaði boða með tveggja sólarhringa fyrirvara. Formaður fer með oddaatkvæði ef atkvæði verða jöfn.

Framkvæmdastjórn er frjálst að veita einstökum félagsmönnum Ungra jafnaðarmanna aðgang að fundum sínum með málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjórn getur skuldbundið samtökin fjárhagslega vegna daglegs reksturs þeirra. Allar meiri háttar fjárhagsskuldbindingar skulu bornar undir miðstjórn.

Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sér til aðstoðar. Skal ráðning framkvæmdastjóra staðfest af miðstjórn áður en hún tekur gildi.

## VI. ÚTGÁFUMÁL

20. gr.

Samtökin skulu halda úti vefritinu politik.is og gefa út árlega a.m.k. eitt tölublað af blaði Ungra jafnaðarmanna – Jöfn og frjáls.

Miðstjórn er heimilt að fela framkvæmdastjórn að standa að frekari útgáfu í nafni samtakanna.

Öll útgáfa Ungra jafnaðarmanna skal endurspegla markmið og stefnu samtakanna sbr. 2. gr.

Miðstjórn skal skipa ritstjóra og/eða ritstjórn fyrir politik.is og Jöfn og frjáls, að tillögu framkvæmdastjórnar.

## VII. LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

21. gr.

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á landsþingi.

Tillögur til lagabreytinga skulu berast framkvæmdastjórn minnst fjórum sólarhringum fyrir upphaf landsþings og skulu þær vera aðgengilegar á heimasíðu samtakanna síðustu tvo sólarhringa fyrir landsþing.

Tvo þriðju hluta atkvæða á landsþingi þarf til að lagabreytingatillögur fái samþykki.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

I. ákvæði

Á landsþingi samtakanna 2011 skal kosið í embætti samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi við setningu þingsins. Fylgja skal ákvæðum um skipan miðstjórnar og framkvæmdastjórnar og verkaskiptingu innan framkvæmdastjórnar samkvæmt þeim lögum fram að næsta landsþingi.

II. ákvæði

Á landsþingi samtakanna 2012 skal kjósa formann til tveggja ára, þrjá meðstjórnendur í framkvæmdastjórn til tveggja ára og þrjá meðstjórnendur í framkvæmdastjórn til eins árs. Áður en þeir þrír meðstjórnendur sem kjósa skal til eins árs eru kjörnir skulu þeir meðstjórnendur sem kjósa skal til tveggja ára kjörnir.““

## GREINARGERÐ:

Með þessari tillögu er lögð til heildarendurskoðun á lögum Ungra jafnaðarmanna (UJ). Fyrst og fremst er leitast við að einfalda lögin án þess þó að mikið sé hróflað við stofnunum samtakanna eða valdheimildum þeirra. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Kjörtímabil fulltrúa í framkvæmdastjórn er lengt úr einu ári í tvö ár. Aðeins formaður verði kosin sérstaklega, að öðru leyti skipta fulltrúar í framkvæmdastjórn með sér verkum.

2. Út eru tekin sértæk ákvæði um heimildir til stofnunar málefnanefnda og menntaskólaráðs. Telja verður að miðstjórn og framkvæmdastjórn sé heimilt að skipuleggja starf samtakanna, m.a. með stofnun málefnanefnda og annarra nefnda, án þess að sérstaklega sé kveðið á um það í lögum samtakanna.

3. Í stað kjördæmafulltrúa í miðstjórn verður miðstjórnarfulltrúum fjölgað.

4. Kafli laganna um útgáfumál er einfaldaður enda eru nógildandi lög óþarflega flókin hvað þetta varðar.

Nú verður fjallað um einstaka kafla og einstaka kafla þar sem það á við.

**Um I. kafla:** Í þessum kafla er ein grein sem er samhljóða nógildandi 1. mgr. 1. gr. laga UJ.

**Um II. kafla:** Í þessum kafla er ein grein. Þar er tilgangi samtakanna lýst annars vegar með einfaldlega orðaðri stefnuyfirlýsingu í 1. mgr. og nánari útlistun á helstu verkefnum samtakanna í 2. mgr.

**Um III. kafla:** Þessi kafli er óbreyttur miðað við samsvarandi kafla í nógildandi lögum.

**Um IV. kafla:** Þessi kafli er að mestu leyti óbreyttur miðað við samsvarandi kafla í nógildandi lögum. Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að koma á tveggja ára kjörtímabili fulltrúa í framkvæmdastjórn.

**Um 12. gr.:** Í greininni er kveðið á um dagskrá landsþings. Ekki ber þó að túlka ákvæðið þannig að taka skuli fyrir dagskrárliðina í þessari röð, nema hvað að kosning í embætti skal fara fram í þeirri röð sem kveðið er á um í i-lið greinarinnar.

**Um 14. gr.:** Í greininni er kveðið á um kjörtímabil fulltrúa í framkvæmdastjórn og miðstjórn. Formaður skal kjósa annað hvert ár og verður kjörtímabil hans tvö ár. Á hverju ári verða þrjú meðstjórnendur í framkvæmdastjórn kosnir og verður kjörtímabil þeirra tvö ár. Með þessu helst alltaf reynsla í framkvæmdastjórninni, enda hefur eins árs kjörtímabil fulltrúa í framkvæmdastjórn ekki reynst nægilega vel til að geta sett fram heildstæða stefnumótun og starfsáætlun fyrir samtökin hverju sinni. Kjörtímabil miðstjórnarfulltrúa verði óbreytt, eitt ár. Þeim verði fjölgað um fjóra til að veða upp á móti því að kjördæmafulltrúar verði aflagðir.

**Um V. kafla:** Hér er lagt til að fjallað sé um miðstjórn og framkvæmdastjórn í einum kafla, eins og í nógildandi lögum. Í 16. og 17. gr. verði fjallað um skipan, vald og starfshætti miðstjórnar, í 18. og 19. gr. verði fjallað um skipan vald og starfshætti framkvæmdastjórnar.

**Um 16. og 17. gr.:** Ekki eru lagðar til breytingar á hlutverki, skipan og starfháttum miðstjórnar, nema hvað að kjördæmafulltrúar eru teknir út og miðstjórnarfulltrúum fjölgað.

**Um 18. gr.:** Í þessu ákvæði eru sú breyting lögð til að framkvæmdastjórn skipti með sér verkum. Í nógildandi lögum eru allir fulltrúar í framkvæmdastjórn með embættistitil. Hér er lögð sú verulega einföldun að eftir hvert landsþing skipti framkvæmdastjórnin með sér verkum. Ekki er kveðið á um ákveðna titla í því efni, nema það sem nauðsynlegt þykir til þess að fyrir hendi sé staðgengill formanns og að ábyrgð á fundargerðum og fjármunum sé ljós. Þrátt fyrir þetta verður að telja að framkvæmdastjórnin skipti með sér verkum með þeim hætti að ákveðnum málaflokkum sé í höndum einhvers eins aðila. T.d. að einn fulltrúi í framkvæmdastjórn haldi utan um alþjóðasamstarf. Ekki er neitt því til fyrirstöðu að sá aðili fái titilinn alþjóðafulltrúi, en óþarfi þykir að binda þessa verkaskiptinu í lög.

**Um 19. gr.:** Ekki er lögð til breyting á starfsháttum framkvæmdastjórnar. Í greininni er heimild framkvæmdastjórnar til fjárhagsskuldbindinga gerð skýrari, þannig að hún sé takmörkuð við skuldbindingar vegna daglegs reksturs samtakanna. Þetta ákvæði ber að skoða í því ljósi að framkvæmdastjórn velur gjaldkera og hefur heimild til ráðningar á framkvæmdastjóra, og getur því falið þessum aðilum prókúruumboð til að annast daglegan rekstur.

**Um VI. kafla:** Þrátt fyrir að leitast hafi verið við að einfalda löginn mjög mikið þykir rétt að halda ákvæðum um útgáfumál í lögnum. Hér er lagt til að útgáfumál verði á ábyrgð miðstjórnar, en framkvæmdastjórn geti haft frumkvæði að því að ritstjóri og/eða ritstjórn verði skipuð að núverandi miðlum samtakanna.

Um VII. kafla: Ekki eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi lagabreytinga. Gildistökuákvæðið ber að skoða í ljósi ákvæðanna til bráðabirgða.

## UM ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA:

**I. ákvæði:** Á landsþingi UJ 2011 yrði kosið samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Þeir sem kosnir eru á landsþinginu halda sínum embættum og fylgja skal ákvæðum núgildandi laga um skipan miðstjórnar og framkvæmdastjórnar. Þá fer um verkaskiptingu milli framkvæmdastjórnarfulltrúa samkvæmt sömu lögum.

**II. ákvæði:** Á næsta landsþingi yrði nýr formaður og þrír meðstjórnendur í framkvæmdastjórn kosnir til tveggja ára. Þrír meðstjórnendur yrðu kosnir til eins árs, en þetta er gert til þess að þrjú sæti losni í framkvæmdastjórn árið á eftir, svo kjósa megi þrjú nýja meðstjórnendur í framkvæmdastjórn. Þannig væri hið nýja fyrirkomulag með reglulegri endurnýjun í framkvæmdastjórn komið á á landsþinginu 2013.